

Alþingi  
Erindi nr. P 135/44  
komudagur 31.10.2007



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið  
B.t. ritara viðskiptanefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda  
Forbrugertalsmanden  
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg

Borgartúni 21, 2. hæð

IS-105 Reykjavík

Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 30.10.2007

GT

**Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 1. mál, frv. til fjárlaga, liður 12 (135. löggj.þ.)**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 18. október sl., um ofangreint þingmál og beðist velvirðingar á að ekki gafst færi á að skila umsögn innan þess frests sem gefinn var.

Í tilefni af fyrirspurn viðskiptanefndar Alþingis í tilvitnuðu bréfi skal upplýst að fjárhagsstaða embættis talsmanns neytenda er í samræmi við áætlun og í árslok 2007 er hún áætluð 0 (núll) kr.

Hvað varðar boð nefndarinnar um almenna umsögn um lið 12 í frv. til fjárlaga hef ég gert ráð fyrir að hefðbundin framkvæmd af hálfu Stjórnarráðsins sem handhafa frumkvæðisvalds um frumvarp til fjárlaga skv. 38. og 42. gr. stjórnarskrárinnar (stjskr.) gagnvart handhafa fjárveitingarvalds sé sú að forstöðumenn embætta og stofnana ræði tillögur um breytingar á svonefndum fjárlagaramma hlutaðeigandi embættis eða stofnunar fyrst við hlutaðeigandi fagráðuneyti, sbr. 14. gr. stjskr.. Hvað varðar aðra fjárlagaliði á málefnasviði nefndarinnar hef ég ekki haft tækifæri til þess að kynna mér bakgrunn þeirra, forsögu eða réttmæti. Aðspurður veiti ég fúslega frekari upplýsingar ef viðskiptanefnd leikur forvitni á að spyrja út í tiltekna þætti starfsemi talsmanns neytenda eða varðandi önnur neytendamál.

Virðingarfyllst,  
talsmaður neytenda

Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirætlum frá öðrum